

ÚTI AÐ AKA





Þessi bók er í 3. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Úti að aka

Samhljóðasambönd 3

ISBN 978-9979-0-2555-9

2003 © Kristín Steinsdóttir

2003 © teikningar Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Fagleg ráðgjöf: Þóra Kristinsdóttir

1. útgáfa 2003

önnur prentun 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



slitið
slæðu
slánar
slást

Alein

Bára er í strætó.
Hún horfir á slitið sætið.
Hún er alein í heiminum.

Í strætó er kona með slæðu
og fimm stórir slánar.
Nú eru þeir farnir að slást.






Ný í bænum

Bára er ný í bænum.

Hún var hjá Gísla og Snæju.
Pau eru vinir hennar.

Hún átti að taka strætó heim.





slóra slydda

En svo fór Bára að slóra
og leit inn í búð.
Þegar hún kom út aftur
var komin slydda.

Þá tók hún næsta strætó
sem hún sá!



sljó
slydduna
smá-kökum
smakka



Smákökur

Bára er orðin sljó af því
að vera í strætó
og horfa á slydduna.

Hún tekur upp poka
með smákökum
og fær sér köku að smakka.





baslið
Smári

Þetta er nú meira baslið,
hugsar Bára.

Ég vildi að Smári væri hérna,
Smári villist aldrei.





smá-kökur
Smári
smíða

Meiri smákökur

Smári var heima að smíða
og gat ekki farið með Báru
til Gísla og Snæju.

Bára reynir að átta sig á götunum.
S m i ð j u s t í g u r, les hún.





smjattar

Bára veit ekki hvar hún er.
Á hún að þora að tala
við bílstjórann?

Hún fær sér aðra smáköku
og smjattar í laumi.



snöggur
sláni
smakka
sláninn



Snöggur sláni

– Megum við líka smakka?
segir einn sláninn.

Hann er snöggur
og togar í pokann.
Smákökurnar fara út um allt.



snúð
sniðugur



Bára er öskureið
en þorir ekki að gera neitt.

– Áttu líka snúð?
öskrar strákurinn
og þykist vera sniðugur.



snarast
snöggir



Bílstjórinn

Bílstjórinn stoppar
og snarast aftur í.

Hann skammar strákana.
Þeir eru snöggir
að tína upp kökurnar.





– Ég er að villast, stamar Bárá.

Bílstjórinn segir henni
að setjast hjá sér.

– Þú átt að taka annan strætó,
segir hann bara.

snjór
slánarnir
slást
snáfa
slyddan



Snjór

Slánarnir eru hættir að slást.
Á næstu stöð snáfa þeir út.
Báru líður betur.

Slyddan er hætt.



Það er farið að snjóá.
Bára horfir á snjókornin falla.
Kannski get ég farið
á sleða á morgun, hugsar hún.

Svo fer hún í annan strætó.



snjóá
snjó-kornin
sleða

Snorri



Heim

Snorri og Stefán eru í strætó.
Bára veifar þeim.

Þeir veifa á móti.
Snorri býr í sama húsi og hún.





göslast
smjúga
snjó-kornin

Bára sér Óla göslast úti
með Gáska og Vask í beisli.

Peir smjúga áfram
og elta snjókornin.






Lestu og lærðu orðin!

fimm	villist	skammar
hennar	smakkar	annan
átti	smjattar	hættir
slydda	snöggur	kannski
þetta	stoppar	Snorri

Smiðju-stígur	snjó-kornin
smá-kökur	ösku-reið
	bíl-stjórinn

strætó
strákurinn
stórir

næsta
stöð
Stefán



Til kennara

Sum börn þarfnast skipulegrar þjálfunar í að lesa samhljóðasambönd í orðum til að þau nái góðri lestrarleikni. Tilgangur þessa bókaflokks er að vekja lestraráhuga og þjálfa nemendur í að lesa orð með samhljóðasamböndum.

Við gerð þessarar bókar eru sérstaklega valin orð með *sl*, *slj*, *sm*, *smj*, *sn* og *snj*. Flest orðin í textanum eru börnunum kunnug og lögð áhersla á að myndefnið styðji vel við textann. Ábendingar um notkun:

Forspá/umræður. Nemendur og kennari skoða bókina og ræða efni hennar út frá titli, kaflaheitum og myndum. Lögð er áhersla á að nota orðin sem koma fyrir í textanum.

Orðaforði. Orð sem barnið skilur e.t.v. ekki þarf að útskýra. Dæmi: *slitið*, *slæða*, *slánar*, *slydda*, *basl*, *sljór*, *snarast*, *snáfa*, *göslast*. Fundin samheiti og andheiti ef það á við.

Hljóðgreining. Kennari segir orð, barnið hlustar eftir tilteknu samhljóðasambandi. Hvar er það í orðinu? Æskilegt að nota fleiri orð en eru í textanum.

Orðalestur. Kennari skrifar samhljóðasambandsorðin á lítil spjöld og æfir nemendur í að lesa þau stök. Auðvelda má lesturinn með því að búa orðin í lesbúta, dæmi: *slá-nar*. Sum börn þurfa æfingu í að lesa önnur orð í textanum, sjá orðakassa á bls. 16. Þar eru tekin út orð með tvöföldum samhljóða, samsett orð og orð með st og str en þau samhljóðasambönd eru æfð sérstaklega í sögunni *Læstur inni* og koma aftur hér. Hafa skal í huga að orð með samhljóðasambandi fremst og tvöföldum samhljóða inni í orði geta reynst byrjendum býsna erfið, t.d. snöggur.

Lestur. Sagan lesin. Vakin athygli á spurningunum neðst á hverri síðu sem eru ætlaðar til að skerpa athygli og lesskilning.

Ritun. Nemandi finnur orð í sögunni sem byrja á *sl-*, *slj-*, *sm-*, *smj-*, *sn-* og *snj-*. Venjulega er nóg fyrir barnið að fást við eina opnu í senn. Orðin skrifar barnið á blað eða í „orðabók“ og strikar undir samhljóðasambandið.

Úrvinnsla. Í þessari sögu koma fyrir nokkur samsett orð. Tilvalið er að vekja athygli á þeim, láta barnið finna samsettu orðin og æfa það munnlega í að búa til samsett orð úr tveimur orðum eða jafnvel fleiri, dæmi: *blóm – pottur*, *kerti – ljós*, *eldur – spýta – stokkur*. Hér hentar vel að bera saman lengd orða. Kennarinn segir tvö orð, langt og stutt, og barnið reynir að átta sig á hvort er lengra. Oft hjálpar að klappa orðin. Æskilegt er að sýna líka orðmyndirnar og bera þær saman, telja t.d. stafina. Þá má skrifa orðin í „orðabók“ og myndskreyta. Hér hentar vel að bera saman lengd orða. Kennarinn segir tvö orð, langt og stutt, og barnið reynir að átta sig á hvort er lengra. Oft hjálpar að klappa orðin. Æskilegt er að sýna líka orðmyndirnar og bera þær saman.

Á vef Menntamálastofnunar eru verkefnablöð með sögunni.

SMÁBÓK 3

SAMHLJÓÐASAMBÖND

Smábækur Menntamálastofnunar
eru ætlaðar börnum sem eru
að læra að lesa.

Úti að aka er þriðja bókin
af átta þar sem áhersla er
lögð á að æfa orð með
samhljóðasamböndum.

Í þessari bók eru sérstaklega
æfð orð með sl, slj, sm,
smj, sn og snj.

Kristín Steinsdóttir
er höfundur efnis.



Teikningar eru eftir
Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur.

m MENNTAMÁLASTOFNUN

40296